

Föstudaginn 29. september 1950.

Nr. 147/1949. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Boga Matthíassyni og

Ágústi Kristjáni Björnssyni

(Lárus Jóhannesson).

**Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd.
Þórðar Eyjólfssonar og hrd. Jónatans
Hallvarðssonar.**

Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum. Hlutdeild.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er upp kveðinn af Gunnari Þorsteinssyni, bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Broti ákærða Boga Matthíassonar er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Auk refsíakvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir, hefur ákærði Bogi gerzt sekur við 5. mgr. 26. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Refsidómur sá frá 6. september 1935, er vitnað er til í forsendum hins áfrýjaða dóms, hefur eigi ítrekunaráhrif, sbr. 71. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi um þriggja ára skeið.

Ákærði Ágúst Kristján Björnsson sá ákærða Boga Matthíasson neyta áfengis í þeim svifum, er hann léði honum bifreiðina. Ekki þykir samt sannað, að hann hafi þá séð áfengisáhrif á nefndum Boga. Hefur hann með þessari háttsemi sinni gerzt sekur um brot við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, sbr. lögjöfnun frá 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða Ágústs Kristjáns hæfilega ákveðin með vísun til 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og með hliðsjón af lögum nr. 14/1948 kr. 1000.00 sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 8 daga varðhald, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestast.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma ákærðu til að

greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Það þykir athugasvert, að ekki var látin fara fram blóðrannsókn á ákærða Boga Matthíassyni.

Dómsorð:

Ákærði Bogi Matthíasson sæti varðhaldi 15 daga. Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum þrjú ár.

Ákærði Ágúst Kristján Björnsson greiði kr. 1000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar 8 daga varðhald, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 15. ágúst 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. þ. m., er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Boga Matthíassyni vélstjóra, til heimilis að Hásteinsveg 24, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn bifreiðalögunum nr. 23/1941, áfengislögunum nr. 33/1935, umferðarlögunum nr. 24/1941 og lögreglusamþykkt Vestmannaeyjakaupstaðar frá 1928 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og til greiðslu sakarkostnaðar, og gegn Ágústi Kristjáni Björnssyni verkstjóra, til heimilis á Helgafellsbraut 1 í Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn 23. gr. bifreiðalaganna til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði Bogi Matthíasson er fæddur 28. sept. 1912 í Vestmannaeyjum og hefur, svo að kunnugt sé, sætt áður refsingu, kr. 150.00 sekt, fyrir bifreiðakstur undir áhrifum áfengis.

Atvik málsins eru eftirfarandi samkvæmt því, sem upplýst er með játningu kærðu og öðrum gögnum:

Að kvöldi dags þann 29. júlí s. l., kl. rétt fyrir 8, var Steinn nokkur

Ingvarsson staddur í verzlun Jakobs Ólafssonar við Bárugötu hér í kaupstaðnum.

Heyrði þá Steinn hljóð utan frá, sem bentu til, að bifreiðaárekstur hefði orðið. Fór hann þegar að huga að þessu og hljóp í því skyni út í dyrnar á verzluninni. Sá hann þá, hvar rauðri vörubifreið var ekið niður Bárugötuna, og dró hún á eftir sér rafmagnsvír. Var bifreiðinni ekið niður (norður) Bárugötu, og hvarf hún sjónum vitnisins, er henni var ekið austur Strandveg.

Ekki tókst Steini, sem borið hefur vætti í máli þessu, að sjá í þetta sinn skrásetningarbókstaf eða tölu bifreiðarinnar. Skömmu síðar var sömu bifreið, sem reyndist vera vörubifreiðin V 62, ekið vestur Strandveg. Er bifreiðin stöðvaðist sem snöggvast á Strandvegi, fór fyrrgreint vitni að huga að, hver stjórnaði henni, og reyndist Alfons nokkur Björgvinsson þá vera við stýri bifreiðarinnar. Hann skýrði hins vegar vitninu frá því, að hann hefði þá rétt áður verið að taka við bifreiðinni, og neitaði þar um spurður, að hann hefði valdið árekstri með bifreiðinni. Hins vegar viðurkenndi Alfons, að bifreiðin hefði lent þá nýlega í árekstri, þar sem eitt ljósker hennar hefði brotnað.

Þó að vitnið Steinn Ingvarsson sæi ekki, að bifreiðin lenti á rafmagnsljósstaur, sem stóð skammt frá húsinu nr. 16 við Bárugötu (Fagradal), ályktaði það, að svo hefði verið, bæði vegna hávaðans (skruðningsins), sem vitnið heyrði inni í verzlun Jakobs, sem og er það sá bifreiðina draga rafmagnsvír á eftir sér nokkra leið niður Bárugötu. Gerði vitnið árangurslausu tilraun til þess að stöðva bifreiðina, er hún ók framhjá fyrrgreindri verzlun. Þegar hér var komið, tilkynnti vitnið á rafmagnsstöðinni, hvað skeð hefði. Einnig tilkynnti vitnið lögreglunni, hvað skeð hefði, og fóru þeir Stefán Árnason og Pétur Stefánsson, lögregluþjónar, þegar á vettvang bæði til þess að athuga verksummerki varðandi staurbrotið og finna þann, sem ekið hefði bifreiðinni í umrætt sinn. Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu, fengu lögregluþjónarnir tilkynningu vitnisins kl. 19.55 þann 29. júlí s. l. Lögregluþjónarnir komust fljótlega að því, að kærði Bogi hafði ekið bifreiðinni, er áreksturinn varð. Er kærði var yfirheyrður mánudaginn 1. þ. m., viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni V 62 fyrrgreint kvöld og að hafa verið valdur að árekstri á rafmagnsljósastaur við húsið Fagradal við Bárugötu með þeirri afleiðingu, að staurinn hafi brotnað. Samkvæmt réttarskýrslu kærða var hann, er þessir atburðir gerðust, á leið að heiman frá sér, Hásteinsvegi 24, og niður að íshúsi Ísfélags Vestmannaeyja h/f við Strandveg, en þar vinnur kærði. Skýrði kærði svo frá fyrir rétti, að hann hefði sama kvöld og áreksturinn varð drukkið ásamt öðrum manni slatta úr ákavitisflösku. Taldi hann sig hafa neytt áfengisins niður í íshúsi Ísfélags Vestmannaeyja h/f þá um kvöldið utan vinnutíma, en strax á eftir ekið bifreiðinni heim til sín, en síðan fljótlega eða nær strax aftur þaðan og niður í íshús.

Kveðst hann hafa ekið austur Hásteinsveg, er hann fór að heiman, og niður Skólaveg, en síðan austur Vestmannabraut og beygt þaðan niður í Bárugötu.

Þar um aðspurður taldi kærði sig ekki muna, með hverjum hann drakk áfengið í umrætt skipti, og hefur því eigi reynzt mögulegt að fá upplýst, hversu mikils áfengismagns kærði neytti í umrætt skipti.

Kærði hefur hins vegar viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis, og virðist akstur hans og minnisleysi um einstök atriði í sambandi við aksturinn fyllilega styðja þá skýrslu kærða. Þannig hefur kærði t. d. samkvæmt eigin játningu ekið ranglega niður í Bárugötu af Vestmanna- braut, eða í breiðum boga í stað þess að aka krappa beygju til vinstri niður götuna, sbr. dómskjal nr. 2, sem kærði hefur viðurkennt, að sýndi rétta leið, sem bifreið hans var ekið fyrir horn Vestmannabrautar og Bárugötu.

Þá er og upp komið í málinu, að kærði mundi ekki eftir, með hverjum hann neytti áfengis umrætt kvöld. Hann kveðst ekki geta gert sér fyllilega grein fyrir akstri sínum niður (norður) Bárugötu. Ekki varð hann var þess, að rafmagnsvír hafi hangið aftan í bifreið hans eftir áreksturinn á staurinn, og ekki kveðst hann heldur hafa orðið þess var, er honum var gefið merki að stöðva bifreiðina eftir áreksturinn. Þessi athyglis- skortur og minnisleysi kærða virðist benda eindregið til þess, að hann hafi verið allmjög undir áhrifum áfengis, er áreksturinn varð.

Við fall ljósastausins eftir árekstur bifreiðar kærða á hann lenti staurinn á húsinu nr. 16 við Bárugötu og laskaði lítills háttar tvær báru- járnplötur á því. Eftir að kærði hafði valdið fyrrgreindum skemmdum, hélt hann akstrinum áfram norður Bárugötu og síðan austur Strandveg að húsi Ísfélags Vestmannaeyja h/f.

Lögregluþjónarnir báðir bera það samhljóða, að kærði hafi verið áberandi ölvaður, er þeir hittu hann, skömmu eftir að áreksturinn varð, eða ca 10—15 mínútum síðar. Vitnið Stefán Árnason hefur borið fyrir rétti, að það hafi greinilega merkt ölvunareinkenni á kærða, t. d. hafi hann verið mjög flaumósa, daufur til augnanna, óstyrkur í hreyfingum og yfirleitt borið öll einkenni ölvunar. Einnig fann vitnið greinilega vínlykt af kærða.

Vitnið Pétur Stefánsson segir einnig, að kærði hafi verið að þess dómi áberandi ölvaður, er þeir Stefán Árnason hittu hann umrætt kvöld. Segir vitnið, að kærði hafi verið daufari til augnanna og linnmæltari en venju- lega.

Loks hefur vitnið Ágúst Kristján Björnsson, verkstjóri hjá Ísfélagi Vest- mannaeyja h/f, borið það fyrir rétti, að kærði hafi ekki verið starfhæfur vegna ölvunar, er hann kom til vinnu í íshúsið, eftir að hafa ekið á ljósa- staurinn, og hafi hann því orðið að víkja honum frá starfi um stundar- sakir og fá annan vélgæzlumann í stað kærða.

Kærði hefur undir rekstri málsins undirgengizt að greiða skaðabóta- kröfur, kr. 224.00 til rafmagnsveitunnar vegna tjóns á rafmagnsleiðslu og ljósastaur og kr. 50.00 til Sigurfinns Einarssonar, eiganda Bárugötu 16, vegna tjóns, er varð á húsi hans við fall stausins á það. Í réttarhaldi hinn 10. p. m. hefur mættur undirgengizt að greiða báðar fjárhæðir þessar

fyrir 1. sept. n. k. Dómur verður því eigi lagður á þessar skaðabótakröfur, enda þess ekki krafizt vegna greiðsluforða kærða.

Kærði hefur með framanlýstu framferði sínu að aka bifreið undir áhrifum áfengis gerzt brotlegur við fyrirmæli 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941 og 21. gr. áfengisлага nr. 33 frá 9. jan. 1935 og 4. gr., 2. mgr., umferðarlaganna nr. 24 frá 16. júní 1941. Enn fremur hefur hann brotið í bága við fyrirmæli 6. gr. umferðarlaganna með því að aka ekki á vinstra hellingi akbrautar Bárugötu, er hann fyrst ók inn í þá götu, og loks virðist hann hafa brotið í bága við 49. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyjakaupstaðar nr. 41 frá 31. marz 1928 og 4. gr., 5. og 6. mgr., umferðarlaganna með því að aka bifreið sinni á meiri hraða en heimilað er í 49. gr. lögreglusamþykktarinnar, sem er 18 km á klst., en kærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni á 25 km hraða í umrætt sinn, enda er í ljós leitt, að kærði hefur ekki haft fullt vald á bifreiðinni og eigi getað stöðvað hana snögglega, svo sem lögskilt er, samkvæmt 4. gr., 5. og 6. mgr., umferðarlaganna.

Samdægurs, eða hinn 1. þ. m., er kærði hafði viðurkennt, að hafa ekið bifreið undir áhrifum vins, var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, og afhenti hann að loknu réttarhaldi lögreglunni ökuskirteini sitt, sem er útgefið af lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum hinn 7. apríl 1936. Kærði hafði vanefnt að láta endurnýja skirteinið frá útgáfudegi þess, og er því skirteinið eigi nú í gildi.

Með þessu hefur kærði brotið í bága við 20. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Með tilliti til alls þessa þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 12 daga varðhald samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 39. gr. áfengislaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 84. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Kærði hefur samkvæmt framlögðu hegningarvottorði úr hegningarskrá Vestmannaeyja verið dæmdur þann 6/9 1935 í 150.00 kr. sekt fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis. Þar sem kærði hafði þá eigi öðlazzt ökuréttindi, var hann eigi sviptur þeim, og eigi heldur var hann þá sviptur rétti til þess að öðlast ökuréttindi um ákveðið tímabil, þar sem eigi voru í þá-gildandi bifreiðalögum eða öðrum lögum nein ákvæði þar að lútandi.

Þar sem rétturinn telur ökuleyfisviptingu ekki refsingu í lagaskilningi, heldur öryggisráðstöfun, lítur rétturinn svo á, að enda þótt nær 14 ár séu liðin frá því, að kærði var dæmdur í refsingu fyrir ölvun við bifreiðarakstur, verði ekki hjá því komizt með tilvísun til 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða ökuréttindum ævilangt. Rétt þykir, að kærði greiði kostnað sakarinnar in solidum með kærða Ágúst Kristjáni Björnssyni.

Kærði Ágúst Kristján Björnsson er fæddur 9/11 1916 í Vestmannaeyjum og hefur ekki, svo að vitað sé, áður sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt eigin játningu kærða fyrir rétti þann 3. og 13. þ. m. hefur hann viðurkennt, að hann hafi sér meðvitandi um áfengisneyzlu og

áfengisáhrif kærða Boga Matthíassonar látið honum í té afnot bifreiðarinnar V 62 að kvöldi 29. f. m.

Skýrir kærði þannig frá því í réttarhaldi þann 3. þ. m., að kærði Bogi hafi „verið meira ölvaður“, er hann kom frá akstri bifreiðarinnar umrætt kvöld, en þegar hann fékk bifreiðina lánaða hjá kærða Kristjáni. Er þessi skýrsla kærða í samræmi við skýrslu kærða Boga um áfengisneyzlu hans fyrir aksturinn og framburði lögreglunnar um áfengisáhrif kærða Boga eftir aksturinn.

Ber að álitu réttarins að heimfæra þessa háttsemi kærða undir 23. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941. Þykir refsing kærða fyrir þetta brot hans hæfilega ákveðin með vísun til 38. gr. bifreiðalaganna og með hliðsjón af lögum nr. 14 frá 1948 kr. 600.00 sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Rétt þykir, að kærði greiði kostnað sakarinnar in solidum með Boga Matthíassyni.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Bogi Matthíasson sæti varðhaldi í 12 daga.

Kærði Ágúst Kristján Björnsson greiði kr. 600.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Kærði Bogi Matthíasson skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Kærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. september 1950.

Nr. 79/1950. **Gunnlaugur B. Melsted**
 gegn
Steinþóri Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur B. Melsted, sem ekki sækir dómþing í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
